

Hagræðing í ríkisrekstri

Tillögur starfshóps forsætisráðherra til
ríkisstjórnar eftir samráð við almenning

Skilað 4. mars 2025



Björn Ingi Victorsson
Hildur Georgsdóttir
Oddný Árnadóttir
Gylfi Ólafsson

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Sameiningar og samrekstur	6
Samhæfingarhópur stofnaður um sameiningu stofnana	8
Þjónustumiðstöð ríkisins	10
Færri lögregluembætti	11
Héraðsdómstólar sameinaðir í einn	12
Sameiginleg stjórnsýsla fyrir framhaldsskóla	13
Háskóli Íslands verði að háskólasamstæðu	14
Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst verði að háskólasamstæðu	15
Öflugra markaðseftirlit og neytendavernd	16
Sameina Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar	17
Sjálfstæð Stofnun borgaralegra réttinda	18
Fækkun nefnda og aukinn samrekstur	19
Aukinn samrekstur í Stjórnarráðinu	20
Safnastofnun	21
Haftengdar stofnanir sameinaðar	22
Náttúruverndarstofnun stækki og eflist	23
Listamiðstöð Íslands	24
Sameining sjóða innan ráðuneyta	25
Sameining fámennra stofnana	26

Hagræðing og aðhald	27
Opinber innkaup	29
Fagráð um forgangsroðun í heilbrigðiskerfinu	31
Aukin fjárfesting í upplýsingatækni	32
Aukið vægi Ísland.is	33
Stafrænir ferlar í stað pappírs	34
Rafræn atkvæðagreiðsla utan kjörfundar	35
Styrkir til stjórnmalaflokka endurskoðaðir	36
Ráðstöfunarfé ráðherra lagt niður	37
Aukin skilvirkni og mannúð við umsækjendur um alþjóðlega vernd	38
Bætt fermetranýting stofnana ríkisins	39
Prentun þingskjala hætt	40
Einfaldara bótauppgjör	41
Greiðslustofa lífeyris stofnuð innan Tryggingastofnunar ríkisins	42
Inn- og útgreiðslur á einni hendi	43
Aukin notkun árangursmælikvarða	44
Bætt lausafjárstýring	45
Hæstaréttardómurum fækkað í fimm	46
Stjórnir almennra stofnana lagðar niður	47
Tvö ákvæði um sérkjör afnumin	48
Sérstök kjör hæstaréttardómara við starfslok afnumin	49
Rekstrarúttekt verði gerð á völdum ríkisfyrirtækjum	50

Fjármagnsskipan Náttúruhamfaratrygginga Íslands skoðuð	51
Hæfnisnefndir í heilbrigðisþjónustu lagðar niður	52
Stjórnir, ráð og nefndir á málefnasviði Vinnumála- stofnunar felldar niður eða sameinaðar	53
Breytt hlutverk Ríkisendurskoðunar	54
Útvistun eftirlits	55
Nýsköpunarsjóðurinn Kría lagður niður	56

Umbætur í regluverki	57
Unnið gegn gullhúðun	59
Gullhúðun í NFRD-regluverki afnumin	60
Lagagrundvöllur ríkissáttasemjara styrktur	61
Útgjaldaendurmat innleitt	62
Lögleiðing stöðugleikareglu	63
Starfsmannalög aðlöguð almennum markaði	64
Létt á jafnlaunavottun og stærðarmörk hækkuð	65
Lög um fjárfestingar ríkisins	66
Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar endurskoðaðar	67
Endurgreiðslur venga kvikmyndaframleiðslu endurskoðaðar	68
Umsækjendur um opinber störf geti óskað nafnleyndar	69
Bætt regluverk um tóbak og áfengi	70
Lög um húsmæðraorlof afnumin	71



Inngangur

Árið 2025 er áætlað að útgjöld Íslenska ríkisins verði um 1.550 milljarðar króna eða um 4 milljónir á hvern landsmann. Eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar er að hagræða, einfalda stjórnslu og sameina stofnanir. Með hagsýni í ríkisrekstri skapast tækifæri til að efla opinbera þjónustu og aðra þætti samfélagsins um land allt.

Þann 2. janúar sl. efndi ríkisstjórnin til samráðs við almenning um hagsýni í ríkisrekstri. Metþátttaka var í samráðinu og bárust 3.985 umsagnir með yfir 10.000 tillögum. Samhliða samráði við almenning fengu forstöðumenn hjá ríkinu og öll ráðuneyti erindi þar sem óskað var eftir tillögum um sama efni.

Forsætisráðherra skipaði hagræðingaráhrif þann 21. janúar sem falið var að fara yfir innsend erindi. Hópnum var falið að vinna tillögur til ríkisstjórnarinnar um hagræðingu og umbætur í ríkisrekstri á grunni þeirra. Sérstaklega var óskað eftir tillögum sem sneru að sameiningu og samvinnu stofnana, ráðuneyta, nefnda og annarra eininga ríkisins, umbótum í rekstri ríkisstofnana og opinberum framkvæmdum.

Hópurinn fékk skamman tíma til að ljúka verki sínu og fólst starfið meðal annars í því að yfirfara tillögur með hliðsjón af fýsileika þeirra og áætluðum áhrifum á ríkissjóð.

Hópurinn gerir að sínum tugi tillagna sem lagt er til að ráðist verði í eða þær skoðaðar nánar af stjórnvöldum. Í mörgum tilvikum er ekki unnt að meta áætluð áhrif á rekstur ríkissjóðs en öðrum tillögum fylgir mat á slíkum áhrifum. Gera verður þann fyrirvara að tími til nákvæmra útreikninga var naumur og byggir matið því í sumum tilvikum á varfærnum og einföldum útreikningum. Kostnaðarmat er sett fram út frá tímabili næstu fjármálaáætlunar, fyrir árin 2026-2030, og tillit tekið til þess að innleiðing getur tekið mismikinn tíma.

Hópurinn þakkar öllum sem sendu inn tillögur eða aðstoðuðu við verkið með einum eða öðrum hætti. Af fjölda þeirra vönduðu tillagna sem bárust úr ólíkum áttum má ráða að ríkur vilji sé til að hagræða og vinna að fjölbreyttum umbótum í ríkisrekstrinum á næstu árum.



Fjöldmörg innsend erindi og tillögur

Hópurinn hafði úr mörgum tillögum að moða sem komu úr ýmsum áttum. Flest erindi innihéldu fleiri en eina tillögu.


Hagræðingarhópurinn skipaðu:

Björn Ingi Victorsson, formaður

Gylfi Ólafsson

Hildur Georgsdóttir

Oddný Árnadóttir



Afmörkun verkefnis

Innan verksviðs

Sameiningar og samvinna

Hagræðing í rekstri

Opinberar framkvæmdir

Fækkun verkefna

Aukið aðhald

Umbætur í regluverki

Utan verksviðs



Sala eigna

Tekjuhlið ríkisrekstrar

Millifærslukerfi



Uppsafnaður sparnaður þeirra tillagna sem búið er að áætla fyrir nemur um 71 milljarði króna.



Hagræðing í ríkisrekstri

Sameiningar og samrekstur



Sameiningar auka slagkraft

Stofnanir ríkisins eru nú 154 talsins og 68 stofnanir eru með færri en 50 stöðugildi. Óhagræði og skortur á slagkrafti fylgir svo litlum stofnunum. Til að sameiningar skili tilætluðum árangri er mikilvægt að vanda til verka.

Að öðru jöfnu draga sameiningar stofnana störf inn á höfuðborgarsvæðið. Með því að ráðast í fleiri en eina sameiningu er hægt með heildstæðum hætti að dreifa höfuðstöðvum og starfsstöðvum.

Staðan í dag:

<10 stöðugildi	15 stofnanir
10 - 19 stöðugildi	19 stofnanir
20 - 29 stöðugildi	20 stofnanir
30 - 39 stöðugildi	7 stofnanir
40 - 49 stöðugildi	7 stofnanir



Samhæfingarhópur stofnaður um sameiningu stofnana

Lagt er til að starfshópur verði stofnaður sem fái það hlutverk að forgangsraða, undirbúa og samhæfa sameiningar út kjörtímabilið.

Hér á eftir fara helstu tillögur hagræðingarhópsins hvað sameiningar og samrekstur varðar.

Áætluð fjárhæð af sameiningum og samrekstri:

13-19 ma.kr.

Hópurinn reiknaði fjárhæð fyrir hverja og eina sameiningu miðað við reynslu síðustu ára. Megináherslan er á skilvirkari rekstur og aukinn slagkraft og því þarf þungi umræðunnar að vera þar, frekar en krónur og aura. Því höfum við kosið að birta ekki áætlaðan sparnað niður á hverja tillögu, en gefum þess í stað mat á heildarábata fyrir allar tillögurnar saman.



Tillögur að sameiningum og samrekstri

- Þjónustumiðstöð ríkisins
- Færri lögregluembætti
- Héraðsdómstólar sameinaðir í einn
- Sameiginleg stjórnsýsla fyrir framhaldsskóla
- Háskóli Íslands verði að háskólasamstæðu
- Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst verði að háskólasamstæðu
- Öflugra markaðseftirlit og neytendavernd
- Sameina Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar
- Sjálfstæð Stofnun borgaralegra réttinda
- Fækkun nefnda og aukinn samrekstur
- Aukinn samrekstur í Stjórnarráðinu
- Safnastofnun
- Haftengdar stofnanir sameinaðar
- Náttúruverndarstofnun stækki og eflist
- Listamiðstöð Íslands
- Sameining sjóða innan ráðuneyta
- Sameining fámennra stofnana



Þjónustumiðstöð ríkisins

Stefna ætti að stofnun eins sýslumannsembættis á grundvelli þeirra sem fyrir eru. Stofnunin verði Þjónustumiðstöð ríkisins með starfsstöðvar um land allt.

Vaxandi hluti erinda sem embættunum berast eru í dag send inn í miðlæg upplýsingakerfi og afgreidd þaðan, án þess að landfræðileg nálægð við borgarana skipti máli. Í framhaldinu mætti sameina Þjóðskrá Íslands við Þjónustumiðstöðina og kanna kosti þess að Útlendingastofnun verði jafnframt sameinuð henni. Samhliða er tilefni til að aðrar stjórnarsýslustofnanir færi einstaklingsþjónustu til nýrrar stofnunar.

”

Mörg verkefni sem unnin eru [hjá sýslumanni, Þjóðskrá og Útlendingastofnun] skarast á. Með sameiningu er hægt að vinna verkefnatengt en ekki stofnunartengt sem er bæði hagræðing en einnig einföldun fyrir þjónustuþega.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2027



Færri lögregluembætti

Mikil tækifæri eru í sameiningu lögregluembætta. Skynsamlegt gæti verið að byrja á að sameina lögregluembætti á suðvesturhorninu. Fækkun umdæma felur í sér margvíslega hagræðingu svo sem í stjórnunarlagi, innkaupum og ýmiss konar stoðþjónustu. Sameining embætta yrði í takt við nágrannaríki okkar þar sem lögreglan starfar sem eitt lið.

”

[...] mikil fækkun lögregluumdæma er skynsamleg og löngu tímabær auk þess sem fækkunin gefur fjölmörg tækifæri til hagræðingar og betri og samræmdari þjónustu við alla um allt land.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2027



Héraðsdómstólar sameinaðir í einn

Lagt er til að einn héraðsdómstóll verði stofnaður á grundvelli þeirra átta sem nú eru. Starfstöðvar verði áfram á öllum stöðum sem nú eru.

”

*Fækka lögreglu-
embættum,
dómstólum og
sýslumanns-
embættum. [...]
Sameining embætta
á þessu sviði hefði í
för með sér sparnað
en einnig faglegri
vinnubrögð.*

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2028



Sameiginleg stjórnarsýsla fyrir framhaldsskóla

Lagt er til að allir framhaldsskólar landsins sækji þjónustu til sameiginlegrar stjórnarsýslustofnunar en hver og einn skóli haldi faglegu sjálfstæði og nafni.

Með því að sameina rekstur framhaldsskóla má betur mæta þeim áskorunum sem skólakerfið stendur frammi fyrir. Hagræðing kæmi m.a. fram með fækkun milli-stjórnenda í framhaldsskólakerfinu og einföldun rekstrar. Þannig munu skólarnir fyrst og fremst sinna kjarnahlutverki sínu en fá sterkara bakland varðandi rekstur, upplýsinga-tæknimál og mannauðsmál.

Tillagan kemur ekki í veg fyrir sameiningar framhaldsskóla heldur gæti stutt betur við þær og einfaldað tæknilegan og rekstrarlegan hluta þeirra.

”

Gera þarf framhaldsskólum auðveldara um vik að koma á samvinnu um einstaka þætti í rekstri skólanna. Nefna má gæðakerfi, tölvukerfi, starfsfólk stoðþjónustu, samnýtingu kennara eða samstillingu stundaskrár svo dæmi séu tekin.

Úr umsögn framhaldsskóla

Framkvæmd

2027



Háskóli Íslands verði að háskólasamstæðu

Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands ásamt tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum og Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn verði að háskólasamstæðu.

”

Aðalávinningurinn felst í öflugri stofnunum sem bjóða betri þjónustu á landsvísu og eru betur samkeppnishæfar á alþjóðavettvangi. Fjármagn sem sparast nýtist til aukinnar skilvirkni í fjármögnun háskólastigsins.

Úr umsögn háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins

Framkvæmd


2027



Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst verði að háskólasamstæðu

Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst sameinist undir eina stjórnslu.

Sameiningin skilar hagræðingu til lengri tíma en aðal-ávinningurinn felst í minni umsýslu, auknum gæðum í kennslu og rannsóknum og öflugri stofnun.



Öflugra markaðseftirlit og neytendavernd

Lagt er til að Samkeppniseftirlitið, Fjarskiptastofa, Neytendastofa og Fjölmíðlanefnd verði sameinuð.

Þeirri stofnun yrði jafnframt falið eftirlitshlutverk með opinberum innkaupum. Slíkt fyrirkomulag er við lýði í nágrannaríkjum okkar.

”

*Minni yfirbygging og
hagræðing af því,
stofnanirnar eru með
10, 22 og 35 starfs-
menn, en þrjá forstjóra,
fjármálastjóra o.s.frv.
[...] Undirbúningur
getur staðið yfir 2025
og frumvarp komið á
vorþingi 2026 og tekið
gildi um mitt ár.*

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Sameina Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar

Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands sinna að miklu leyti sama fólki. Skoðaður verði fýsileiki sameiningar þessara tveggja stofnana á ný.

”

Mikið til sami kúnnahópur og í grunninn sama tölverkfi sem báðar stofnanir nota, þróa og aðlaga að sínum þörfum. Mikill tvíverknaður í gangi. Með sameiningu yrði aftur til ein öflug stofnun á sviði velferðarmála.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Sjálfstæð Stofnun borgaralegra réttinda

Stefna skal að því að setja á fót sjálfstæða Stofnun borgaralegra réttinda með sameiningu Persónuverndar, Jafnréttisstofu, Umboðsmanns barna, Landskjörstjórnar og Mannréttindastofnunar.

Með sameiningu er unnt að hagræða með minni yfirbyggingu og um leið yrði til hagkvæmari rekstrareining með aukinn sveigjanleika til að sinna verkefnum sínum og efla faglegt starf sitt.

”

*Minni yfirbygging,
meiri hagkvæmni.*

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Fækkun nefnda og aukinn samrekstur

Fækka þarf nefndum og ráðum á vegum ríkisins sem ekki er þörf á. Lagt er til að ráðuneytin leggi mat á hvaða ráð og nefndir megi leggja niður eða sameina öðrum.

Dæmi: Leggja niður yfirfasteignamatsnefnd og færa verkefni hennar til yfirskattanefndar.

Þá er lagt til að Stjórnarráðið komi úrskurðar- og kæru- nefndum í sameiginlegt húsnæði („Hús nefndanna“) sem veitir aðstöðu, stuðning og utanumhald fyrir slíka starfsemi þvert á málaflokka. Hagræðing verður í húsnæði og sam- nýtingu mannauðs, en einnig í upplýsingakerfum og annarri stoðþjónustu.

Samkvæmt besta fáanlega mati á fjölda slíkra nefnda eru úrskurðar- og kæru- nefndir 39 talsins, ráðgefandi nefndir 170, afgreiðslunefndir 87 og eftirlitsnefndir 16.

Framkvæmd

2026



Aukinn samrekstur í Stjórnarráðinu

Af ábendingum og þeim umsögnum sem bárust má glögglega greina að ákall er eftir samræmdu verklagi og auknum samrekstri hvað varðar ýmsa stoðþjónustu ráðuneyta.

Lagt er til að mannauðsstjórnun, skjalamál, upplýsingamál, almennur rekstur og önnur stoðhlutverk sem nú eru dreifð á hvert ráðuneyti færast til Umbru sem nú þegar fer með ýmis samrekstrarverkefni innan Stjórnarráðsins. Þá er lagt til að fasteignausýsla ráðuneyta færast til FSRE og rekstur bifreiða og mannahald bílstjóra færast til Ríkislögreglustjóra. Samhliða verði greint hvernig hægt sé að auka skilvirkni og samræmingu verkferla innan Stjórnarráðsins.

”

Auðveldara að taka upp miðlæga stjórnun og þjónustu, s.s. flutning starfsfólks milli ráðuneyta [...], auðveldara að færa verkefni á milli ráðuneyta og kerfa [og] betra gagnaflæði.

Úr umsögn
heilbrigðisráðuneytisins

Framkvæmd

2026



Safnastofnun

Stefnt skal að því að setja á fót Safnastofnun með sameiningu Gljúfrasteins, Listasafns Einars Jónssonar, Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns.

Með sameiningu má ná fram bættri nýtingu húsnæðis, fjármagns og mannauðs, sem og samlegð í framtíðarverkefnum meðal annars er varðar stafræna varðveislu.



Haftengdar stofnanir sameinaðar

Skoðað verði að sameina Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnun, Verðlagsstofu skiptaverðs og Fiskræktarsjóð. Samhliða verði kannað að færa fiskveiðieftirlit til Landhelgisgæslu Íslands.

Nokkur verkefni sem nú eru hjá Samgöngustofu og Vegagerðinni gætu jafnframt færst til sameinaðrar stofnunar.

”

Mikil samlegð yrði af þessari nýju stofnun og miklir fjármunir sparast.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Náttúruverndarstofnun stækki og eflist

Um síðastliðin áramót sameinuðust sá hluti Umhverfisstofnunar sem sneri að náttúruvernd og Vatnajökulsþjóðgarður í nýja Náttúruverndarstofnun. Í aðdraganda þeirrar sameiningar lágu fyrir hugmyndir um að Minjastofnun og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum yrðu hluti af nýrri Náttúruverndarstofnun en þær hugmyndir náðu ekki fram að ganga. Lagt er til að Minjastofnun og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði sameinuð Náttúruverndarstofnun.

”

Leggja Þingvallaþjóðgarð undir nýstofnaða Náttúruverndarstofnun eins og aðra þjóðgarða og friðlýst svæði.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Listamiðstöð Íslands

Sex kynningarmiðstöðvar eru reknar í dag auk fyrirhugaðrar barnamenningarmiðstöðvar. Þær hafa verið reknar hver í sínu lagi og eru með ólík rekstrarform; sumar eru opinberar stofnanir, aðrar sjálfseignarstofnanir og enn aðrar einkahlutafélög.

Allar hafa þær þó keimlíkt hlutverk sem er að styðja við viðkomandi listgreinar og auka sýnileika þeirra. Þá sinna sumar þeirra umsýslu á opinberum sjóðum í viðkomandi grein. Um er að ræða smáar stofnanir, yfirleitt með 10 eða færri stöðugildi, með tilheyrandi kostnaði við yfirstjórn og stoðþjónustu og því mætti ná fram hagræðingu og faglegum ávinningi með sameiningu þeirra. Fjölmarginir sjóðir sem eru víða um stjórnkerfið geta komið í umsýslu þessarar nýju miðstöðvar.

Sameina mætti:

- Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Miðstöð íslenskra bókmennta
- Myndlistamiðstöð
- Tónlistarmiðstöð
- Sviðslistamiðstöð Íslands
- Hönnunarmiðstöð
- List fyrir alla

Framkvæmd

2026



Sameining sjóða innan ráðuneyta

Mörg tækifæri eru til hagræðingar þegar kemur að sjóðum á vegum ráðuneyta, bæði hvað varðar umsýslu og stafvæðingu. Sameiningar skila ekki bara lægri umsýslukostnaði heldur einnig betri yfirsýn yfir umsækjendur og styrkuppþæðir og minnka hættu á misnotkun.

Umsýslukostnaður sjóða árið 2022 var um 840 m.kr. Náist að lækka kostnað um 20-40% felur það í sér 170-340 m.kr. á ári.

Dæmi um sjóði sem mætti sameina:

- Lóu - nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina og Uppbyggingasjóði landshluta
- Menntarannsóknasjóð og Rannsóknasjóð
- Matvælarannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð
- Jafnréttissjóð, Framkvæmdasjóð jafnréttismála og Framkvæmdasjóð hinsegin málefna

Framkvæmd

2026



Sameining fámennra stofnana

Þrátt fyrir að allar tillögur hagræðingarhópsins næðu fram að ganga yrðu áfram stofnanir með færri en 50 stöðugildi. Lagt er til að ráðuneyti haldi áfram að vinna að fækkun stofnana þannig að stöðugildi hverrar stofnunar verði ekki undir 50.

Aðrar minni stofnanir sem ekki eru gerðar sérstakar tillögur um:

- Náttúruhamfaratryggingar Íslands
- Umboðsmaður skuldara
- Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála
- Skipulagsstofnun

Framkvæmd

2027



Hagræðing í ríkisrekstri

Hagræðing og aðhald



Fjöldamargar ábendingar bárust um hagræðingu og aðhald í rekstri ríkisins. Við val á aðgerðum forgangsraðaði hópurinn skýrum og framkvæmanlegum tillögum.

Leitast var við að velja aðgerðir sem snerta á sem flestum sviðum ríkisrekstrarins. Stærstu aðgerðirnar krefjast þó bæði fjárfestinga í upplýsingatækni og agaðrar innleiðingar nýrra vinnubragða. Fjöldamargar flóknari tillögur verða sendar til nánari skoðunar.

Tillögur að hagræðingu og aðhaldi

- Opinber innkaup
- Fagráð um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu
- Aukin fjárfesting í upplýsingatækni
- Aukið vægi Ísland.is
- Stafrænir ferlar í stað pappírs
- Rafræn atkvæðagreiðsla utan kjörfundar
- Styrkir til stjórnmalaflokka endurskoðaðir
- Ráðstöfunarfé ráðherra lagt niður
- Aukin skilvirkni og mannúð við umsækjendur um alþjóðlega vernd
- Bætt fermetranýting stofnana ríkisins
- Prentun þingskjala hætt
- Einfaldara bótauppgjör
- Greiðslustofa lífeyris stofnuð innan Tryggingastofnunar ríkisins
- Inn- og útgreiðslur á einni hendi
- Aukin notkun árangursmælikvarða
- Bætt lausafjárstyring
- Hæstaréttardómurum fækkað í fimm
- Stjórnir almennta stofnana lagðar niður
- Tvö ákvæði um sérkjör afnumin
- Sérstök kjör hæstaréttardómara við starfslok afnumin
- Rekstrarúttekt verði gerð á völdum ríkisfyrirtækjum
- Fjármagnsskipan Náttúruhamfara-trygginga Íslands skoðuð
- Hæfnisnefndir í heilbrigðisþjónustu lagðar niður
- Stjórnir, ráð og nefndir á málefnasviði Vinnumálastofnunar felldar niður eða sameinaðar
- Breytt hlutverk Ríkisendurskoðunar
- Útvistun eftirlits
- Nýsköpunarsjóðurinn Kría lagður niður



1/2

Opinber innkaup

Í opinberum innkaupum eru mikil tækifæri til hagræðingar sem nýsameinuð Fjársýsla þarf að leiða. Rafrænar tengingar milli reikninga og samninga skortir. Stofnanir þurfa að gera innkaupaáætlanir í ríkari mæli. Margir samningar eru útrunnir. Aðrir eru of víðir, en það er þannig í dag að rammamningar eru opnir sveitarfélögum og ýmsum samtökum ótengdum ríkinu og því ekki hægt að gefa eða framfylgja magnloforðum.

Skoða þarf hlutverk Fjársýslunnar með tilliti til samkeppni við einkaaðila sem veita innkaupaþjónustu. Aukin fjárfesting í upplýsingatækni er lykilatriði í þessu samhengi, sjá næstu síðu.

”

Bættur undirbúningur er lykilatriði. Vanda þarf til verka og undirbúa verkefni og útboð betur með aukinni áherslu á hæfilega undirbúningstíma þátttakenda í aðdraganda útboða og notkun samræmdra og staðlaðra gagna við gerð kostnaðaráætlana, verklýsinga og hæfnikrafa.

Úr umsögn Samtaka iðnaðarins

Framkvæmd

2025



2/2

Opinber innkaup

Erfitt er að áætla sparnað, en þegar opinber innkaup nema tæpum 300 ma.kr. í A-hluta, sparar 1% hagræðing 3 ma.kr. á ári. Við teljum að hægt sé að ná 2% hagræðingu með markvissum aðgerðum.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

30 ma.kr. miðað við 2% hagræðingu

Framkvæmd

2025



Fagráð um forgangs- röðun í heilbrigðiskerfinu

Stofnað verði fagráð um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu. Slíkt fagráð muni ígrunda ýmis mál sem tengjast þeim flóknu viðfangsefnum sem heilbrigðiskerfið fæst við og aðstoða við að hætta að veita þjónustu og meðferðir sem litlu skila. Þingsályktun og niðurstaða starfshóps liggur fyrir nú þegar sem og dæmi um sambærileg verkefni víða um heim. Erfitt er að spá fyrir um afrakstur af vinnu af þessu tagi, en ef 1% af heildarútgjöldum heilbrigðiskerfisins sparast á ári þá gæti slík forgangsröðun skilað 4 ma.kr. árlega.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

8 ma.kr.

”

Æskilegt er að innleiða fyrirkomulag sem á rætur að rekja til BNA og Kanada undir merkjum skynsamlegs vals. [...] Þetta hefur leitt til fækkunar gagnlausra rannsókn- og meðferðarúrræða.

Úr umsögn Landspítalans

Framkvæmd

2026



Aukin fjárfesting í upplýsingatækni

Nauðsynlegt er ríkið fjárfesti í upplýsingatækni og mannauði þannig að betrubæta megi gagnasöfnun og miðlun gagna milli stofnana, auk þess sem ríkið þarf að fjárfesta í auknum mæli í gervigreind.

Sérstaklega er lagt til að komið verði á laggir sjálfvirku samtímaeftirliti sem tryggir að ekki verði tekjuleki, brot á ferlum, óþarfa útgjöld og annað sem getur valdið fjárhagslegum skaða. Dæmi úr atvinnulífinu sýna verulegan ábata af innleiðingu slíkra kerfa.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

Upplýsingakerfi sem hafa verið lengi í rekstri hafa oft ekki þróast í takt við breytta tækni og kröfur [...] og víða er mikil tækniskuld.

Af vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Framkvæmd

2025



Aukið vægi Ísland.is

Í dag hafa 52 stofnanir ríkisins fært vefi sína undir hatt Ísland.is. Mikil hagræðingartækifæri liggja í að færa fleiri stofnanir inn á Ísland.is. Með þessu sparast leyfis- og uppfærslugjöld vefumsjónarkerfa ásamt kostnaði við hönnun og þróun.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

Stofnanir ríkisins eru 154 án ráðuneyta og stofnana Alþingis þ.a. mikil tækifæri liggja í því að færa enn fleiri vefi stofnana inn á Ísland.is [...] sem hefur gert sig gildandi í samfélaginu og sést að meira traust er til þeirra upplýsinga- og þjónustuvefja sem eru innan vefsins en utan hans.

Úr umsögn Stafræns Íslands

Framkvæmd

2025



Stafrænir ferlar í stað pappírs

Miklir möguleikar eru í að stafvæða fleiri ferla sem nú eru á pappír. Þannig sparar það töluverða fjármuni og eykur gæði þjónustu við almenning í gegnum mínar síður á Ísland.is. Stafrænir ferlar geta enn fremur aukið samvinnu milli stofnana. Lögð verði sérstök áhersla á heilbrigðiskerfið.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

*Upplýsingar um heildar-
fjölda þjónustuferla
ríkisins liggja ekki fyrir
en ávinningurinn af
stafvæðingu þeirra
er ótvíræður. Mikið
af þessum ferlum
eru enn á pappír.*

Úr umsögn Stafræns Íslands

Framkvæmd

2025



Rafræn atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Hefja skal innleiðingu á rafrænum kosningum. Mælt er með að byrja með utankjörfundar atkvæðagreiðslur sem eru dýrar í framkvæmd.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

Leyfa rafrænar kosningar. Þjóðskrá Íslands er með kerfi tilbúið sem er bæði vottað og sannreynt. Hagræðingin af rafrænum kosningum er um 500 m.kr. Kerfið er tilbúið - þannig að „just do it!“

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Styrkir til stjórn mála- flokka endurskoðaðir

Margar umsagnir fjölluðu um fjárframlög til stjórn mála-samtaka á Alþingi. Þar er til þess að líta að styrkir til stjórn málasamtaka hafa lækkað að raunvirði um 50% frá árinu 2019.

Hópurinn leggur til að umgjörð fjármögnunar stjórn málasamtaka verði endurskoðuð sérstaklega. Ákvæði um lágmarkskjörfylgi verði hækkuð og heildarfjárframlög lækkuð.

”

Stóraukinn ríkisstyrkur [...] hefur ekki leitt af sér meiri umsvif [flokkanna] því rekstrarútgjöld hafa lítið aukist. [...] Styrkjum er á endanum að mestu eytt í aðdraganda kosninga en ekki til reglubundinnar starfsemi - til að styrkja lýðræði.

Úr umfjöllun DV um stjórn málastarf

Framkvæmd

2026



Ráðstöfunarfé ráðherra lagt niður

Fella ætti niður ráðstöfunarfé ráðherra. Þetta eru úrelt vinnubrögð sem þekkjast ekki hjá þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

150 m.kr.

”

[Ráðstöfunarfé ráðherra] er ógagnsæ meðferð opinbers fjár frá ráðherra til þeirra sem til hans leita [...]. Þetta eru ekki háar fjárhæðir en mikilvægt fordæmi um hvernig ekki á að fara með skattfé.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Aukin skilvirkni og mannúð við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Takist að stytta málsmeðferðartíma og flutning umsækjenda sem fá synjun á umsókn sinni, þannig að tími sem þeir þiggja þjónustu af hálfu Vinnumálastofnunar styttist um einn mánuð má áætla að fyrir hverja 100 umsækjendur megi hagræða um 41 m.kr. á mánuði eða tæplega 500 m.kr. á ári.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

2,5 ma.kr.

”

Með því að afgreiða umsóknir hraðar fást niðurstöður í mál umsækjenda fyrr og því færri á framfærslu ríkisins á meðan beðið er. Þetta gæti sparað ríkinu fjármuni og bætt þjónustu við umsækjendur.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Bætt fermetranýting stofnana ríkisins

Stefna stjórnvalda er að bæta húsnæðisnýtingu ríkisins verulega. Hópurinn telur að hægt sé að hagræða um 3.000-6.000 m² og þar með uppfylla betur stefnu stjórnvalda.

Lagt er til að FSRE leggi aukinn þunga í að bæta nýtingu húsnæðis hins opinbera.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

1.170 m.kr.

”

Draga má úr óþarfa húsnæðiskostnaði með færri og betur nýttum byggingum.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2025



Prentun þingskjala hætt

Prentkostnaður hleypur á tugum milljóna ár hvert. Í dag berast Alþingi frá prentsmiðju 30 eintök af öllum stjórnarmálum (fleiri eintök af fjárlagafrumvarpi) sem ráðherrar leggja fyrir þingið. Stærstur hluti þessa kostnaðar er greiddur af Stjórnarráðinu en hluti af skrifstofu Alþingis. Misjafnt er hve stór hluti prentaðra stjórnarmála er nýttur af þingmönnum og starfsfólki þingsins. Stundum gengur allt upplagið út en oftast er ekki aðeins hluti þess notaður. Við lok hvers þings er þeim málum og öðrum þingskjölum sem ekki hafa verið notuð fargað. Af því hlýst einnig nokkur kostnaður. Lagt er til að þessi prentun verði alfarið lögð af.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

100 m.kr.

”

Lagt er til að öll prentun þing- og stjórnarmála verði aflögð strax, enda er hún augljóslega óþörf og engin lagskylda stendur til að halda henni áfram [...].

Úr umsögn
dómsmálaráðuneytisins

Framkvæmd

2025



Einfaldara bótauppgjör

Draga má verulega úr kostnaði ríkisins við einkamálarekstur þolenda með því að einfalda afgreiðslu bótamála til þolenda rannsóknarræða lögreglu.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

Sá sem borinn hefur verið sökum í sakamáli en hefur verið sýknaður á rétt á bótum. Til þess þarf að höfða einkamál á hendur ríkinu en þolandi á rétt á gjafsókn í þeim málarekstri. Þessum málum hefur fjölgað með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkið [...]

Úr umsögn
dómsmálaráðuneytisins

Framkvæmd

2026



Greiðslustofa lífeyris stofnuð innan Tryggingastofnunar ríkisins

Ný deild, Greiðslustofa lífeyris, verði stofnuð með aðkomu Landssambands lífeyrissjóða og Skattsins. Þangað yrðu mánaðarlegar upplýsingar sóttar frá TR, Skattinum og lífeyrissjóðum og greiddar bætur yrðu því réttari í hverjum mánuði. Með þessu yrði endurreikningur nær óþarfur og tilheyrandi fjárhagsáhyggjur tuga þúsunda einstaklinga minnkaðar.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

375 m.kr.

”

Um 74% lífeyrisþega [...] fengu ofgreitt og þurfa að endurgreiða í samræmi við það [...]. Meðaltal þeirra sem skulda er tæplega 164.000 kr.

Úr frétt á vef TR

Framkvæmd

2026



Inn- og útgreiðslur á einni hendi

Fjársýslan sjái um allar útgreiðslur ríkisins, allt bókhald og bankareikninga. Þessar aðgerðir ættu að draga úr kostnaði, auðvelda eftirlit, minnka villuhættu og auka yfirsýn.

Skatturinn sjái um alla innheimtu skatta og gjalda sem eru að hluta til hjá sýslumönnum í dag.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

Innheimta á einni hendi myndi leiða til þess að gjaldendur nytu jafnræðis og fengju eins afgreiðslu í sambærilegum málum. Í tilfærslunni fælist bætt opinber þjónusta og styrkari tekjuöflun í ríkissjóð.

Úr minnisblaði
Skattsins til FJR

Framkvæmd

2026



Aukin notkun árangurs- mælikvarða

Fjármálaráðuneytið taki forystu í að efla árangursstjórnun m.a. með innleiðingu og birtingu lykilmælikvarða (e. KPI) fyrir allar stofnanir ríkisins. Þetta auðveldar samanburð milli stofnana og eftirfylgni fjármuna.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

*Bæta þarf aðgengi
að stjórnenda-
upplýsingum um
fjármál, rekstur
og mannauðsmál
stofnana.*

Úr umsögn fjármála- og
efnahagsráðuneytisins

Framkvæmd

2026



Bætt lausafjárstýring

Ríkissjóður á töluvert mikið af inneignum í viðskiptabönkum á sama tíma og hann fjármagnar sig á lánum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið getur náð fram mikilli hagræðingu með breyttu verklagi í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og Seðla-banka Íslands.

Sérstaklega þarf að skoða lausafé Menntasjóðs náms-manna auk fjölmargra hugmynda um breytingar á gjald-dögum og fyrirkomulagi innheimtu.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

3,75 ma.kr.

”

Er þörf á því að stofnanir séu sjálfar með bankareikninga? Til hvers? Einfaldara og öruggara væri ef bankareikningar væru í umsjá Fjársýslu ríkisins.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2025



Hæstaréttardómurum fækkað í fimm

Með stofnun Landsréttar hefur málum í Hæstarétti fækkað verlega svo ekki telst þörf á að fleiri en fimm dómara sitji við réttinn.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:
100 m.kr.

”

Frá árinu 2019 hefur rétturinn aðeins dæmt að meðaltali í 30-60 málum á ári. Þetta var fyrirsjáanlegt en samt var dómurum aðeins fækkað um tvo.

Úr innsendri umsögn

Framkvæmd

2027



Stjórnir almennra stofnana lagðar niður

Lagt er til að stjórnir stofnana sem heyra beint undir ráðherra verði lagðar niður. Slíkar stjórnir hafa oft óljósa stöðu og hlutverk. Hlutverk þeirra kann að vera óskýrt og veruleg hættu á því að ábyrgðarskil stjórnar og forstöðumanns verði óljós.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

525 m.kr.

Eftirtaldar stofnanir og lög-gjöf um þær mætti koma til skoðunar vegna þessa:

- Tryggingastofnun ríkisins
- Byggðastofnun
- Vinnueftirlitið
- Árnastofnun
- Þjóðskjalasafn Íslands (stjórnarnefnd)
- Gljúfrasteinn
- Landsbókasafn Íslands
- Hljóðbókasafn Íslands
- Íslenski dansflokkurinn
- Miðstöð íslenskra bókmennta
- Þjóðleikhúsið
- Listasafn Einars Jónssonar
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Úrvinnslusjóður
- ÍSOR
- Vatnajökulspjóðgarður
- Sjúkratryggingar Íslands
- Landspítalinn

Framkvæmd

2025



Tvö ákvæði um sérkjör afnumin

Felld verði brott 1. mgr. 7. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands sem tryggir handhöfum forsetavalds sérstaka þóknun. Þetta ákvæði er úrelt.

Einnig verði ákvæði 4. gr. laga nr. 88/1995 afnumið, en þar er kveðið á um heimildir opinberra starfsmanna til að halda starfi sínu nái þeir kjöri á Alþingi.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

55 m.kr.

”

Hætta að greiða sérstaklega til handhafa forsetavalds þegar forseti fer erlendis, þetta eru þegar vel borguð störf og hluti af þeim er að fara með forsetavald þegar svo stendur á.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Sérstök kjör hæstaréttar- dómara við starfslok afnumin

Hæstaréttardómarar sem náð hafa 65 ára aldri hafa notið sérkjara sem byggja á túlkun ákvæðis í stjórnarskrá. Ólíklegt að sparnaður komi fram fyrr en eftir mörg ár þar sem breytingin krefst að öllum líkindum stjórnarskrár-
breytingar og verður ekki afturvirk.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

*Þetta fyrirkomulag eftirlauna er tíma-
skekkja nú þegar mjög
gott lífeyriskerfi hefur
verið byggt upp með
skylduaðild. Rökin um
að þessi ævilaun séu
nauðsynleg til að tryggja
óháða dómara eiga því
ekki lengur við.*

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2029



Rekstrarúttekt verði gerð á völdum ríkisfyrirtækjum

Ríkisendurskoðandi eða óháður ráðgjafi geri úttekt á rekstri valinna B- og C-hlutastofnana sem geta greitt háar arðgreiðslur til ríkisins. Í úttektinni verði skoðað hvort sambærilegt aðhaldsstig sé í útgjöldum samanborið við A-hlutastofnanir sem þurfa að reiða sig á fjárlög. Einnig má beina því til stjórna fyrirtækjanna að þær láti vinna slíka úttekt. Arðsemiskröfur sem settar hafa verið á félög eru nauðsynlegar en ekki endilega nægjanlegar í þessu samhengi.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

Gera úttekt á Seðlabankanum með það fyrir augum að minnka rekstrar-kostnað bankans.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2025




Fjármagnsskipan Náttúruhamfaratrygginga Íslands skoðuð

Tilfni er til að skoða hvort hagræðingartækifæri séu í að breyta fjármagnsskipan Náttúruhamfaratrygginga Íslands (NTÍ). Sjóðurinn er með 50 ma.kr. í varasjóði. Einnig kaupir sjóðurinn endurtryggingar fyrir hundruð milljóna á ári og hefur kostnaður við endurtryggingar farið hækkandi á heimsvísu.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið



Hæfnisnefndir í heilbrigðisþjónustu lagðar niður

Hæfnisnefndir um stöður landlæknis og forstöðumanna heilbrigðisstofnana auk framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar eru óþarfar. Áfram verða hæfnikröfur í lögum sem ráðherra og forstöðumenn skulu fylgja, auk þess sem þeir geta skipað tímabundnar nefndir ef þörf krefur. Frumvarp þessa efnis hefur þegar verið lagt fram.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Óverulegt



Stjórnir, ráð og nefndir á málefna- sviði Vinnumálastofnunar felldar niður eða sameinaðar

Leggja niður stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og Ábyrgðarsjóðs launa. Endurskoða þarf það fyrirkomulag sem lögfest er í lögum nr. 88/2006 um Ábyrgðasjóð launa. Vinnumarkaðsráð sem starfar skv. lögum nr. 55/2006 verði jafnframt lagt niður.

Fjölmörg tækifæri eru til sparnaðar og aukinnar skilvirkni með fækkun stjórna, ráða og nefnda á málefnasviði Vinnumálastofnunar.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

Framkvæmd

2025




Breytt hlutverk Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun efli starfsemi sína í gerð stjórnarsýslu- og rekstrarúttekta, en hætti að endurskoða félög og stofnanir ríkisins. Þau verkefni yrðu boðin út á almennum markaði.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið



Framkvæmd

2027

Útvistun eftirlits

Lagt er til að faglegt eftirlit með ýmsum þáttum atvinnulífs verði fært í auknum mæli til faggiltra aðila á einkamarkaði. Þetta leiðir til hagræðingar í rekstri ríkisins, hefur jákvæð áhrif og styrkir framkvæmd eftirlits. Þessu má beita á ýmsum sviðum atvinnulífsins, s.s. við matvæla- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit með vélum og búnaði í ýmsum atvinnugreinum.

Í þessu samhengi má sérstaklega benda á ýmis verkefni sem Vinnueftirlitið sinnir en gætu verið á einkamarkaði.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

Ekki metið

”

Vottanir eiga ekki heima hjá ríkinu heldur hlutlausum faggildum aðila með hæfni en stjórnvöld geta sett fram kröfuna sem á að votta eða skoða eftir sbr. bifreiðaskoðun.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2025



Nýsköpunarsjóðurinn Kría lagður niður

Nýsköpunarsjóðnum Kríu, sem varð til við sameiningu Kríu og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, er ætlað að lagfæra markaðsbrest sem ekki er lengur til staðar. Uppsöfnuð fjárfestingargeta er mikil.

Komi aftur fram ákall frá nýsköpunarsamfélaginu um markaðsbrest mætti skoða að fjármagna það sérstaklega. Auk áætlaðrar hagræðingar má með sölu á eignum sjóðsins lækka vaxtagjöld ríkissjóðs.

Áætluð fjárhæð 2026-2030:

9,7 ma.kr.

”

Beinar fjárfestingar hins opinbera í tækniþrotum eru alls staðar á undanhaldi í löndum sem við berum okkur saman við. Oft er betra heima setið en af stað farið, sér í lagi ef um ríkisinngríp upp á fleiri milljarða í markað í mótun er að ræða.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2025



Hagræðing í ríkisrekstri

Umbætur í regluverki



Umbætur í regluverki geta bæði verið til hagsbóta fyrir almenning, atvinnulíf og hið opinbera. Tillögur um bætt regluverk eru fjölbreyttar og eðlisólíkar en eru settar fram í þeim tilgangi að gera regluverk hins opinbera betra.

Flestar tillögurnar eru þess eðlis að erfitt er að kostnaðarmeta þær en þó er ljóst að umbæturnar geta leitt til töluverðs hagræðis.

Við breytingar á regluverki er mikilvægt að haft verði samráð við alla þá hagaðila sem um ræðir.

Tillögur að umbótum í regluverki

- Unnið gegn gullhúðun
- Gullhúðun í NFRD-regluverki afnumin
- Lagagrundvöllur ríkissáttasemjara styrktur
- Útgjaldaendurmat innleitt
- Lögleiðing stöðugleikareglu
- Starfsmannalög aðlöguð almennum markaði
- Létt á jafnlaunavottun og stærðarmörk hækkuð
- Lög um fjárfestingar ríkisins
- Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar endurskoðaðar
- Endurgreiðslur venga kvikmyndaframleiðslu endurskoðaðar
- Umsækjendur um opinber störf geti óskað nafnleyndar
- Bætt regluverk um tóbak og áfengi
- Lög um húsmæðraorlof afnumin



Unnið gegn gullhúðun

Unnið verði að því að fjarlægja gullhúðun í íslensku regluverki. Einnig verði farið að tillögum starfshóps utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun. Meginregla verði að ekki verði gengið lengra en lágmarkskröfur viðkomandi Evrópugerðar kveða á um nema í undantekningartilvikum, t.d. ef það væri í þágu íslenskra hagsmuna og drægi úr reglubyrði atvinnulífsins

”

Mikilvægt er að ríkisstjórnin átti sig á að þyngra regluverk býr ekki eingöngu til kostnað hjá fyrirtækjum og dregur úr samkeppnishæfni Íslands, heldur býr líka til aukinn kostnað hjá ríkinu og þar með buddu skattgreiðenda.

Úr umsögn Félags atvinnurekenda

Framkvæmd

2026



Gullhúðun í NFRD-regluverki afnumin

Sjálfbærniregluverk ESB (NFRD) var innleitt með talsvert strangari kröfum en tilskipunin kvað á um. Þetta hefur leitt til auka kostnaðar fyrir atvinnulífið.

Sjá einnig almennari tillögu um gullhúðun í regluverki.

”

*Ákvörðun sem
kostað hefur
íslenskt atvinnulíf
9,8 milljarða króna.*

Útreikningur Viðskiptaráðs

Framkvæmd

2025



Lagagrundvöllur ríkissáttasemjara styrktur

Lagagrundvöllur ríkissáttasemjara er ótraustur og úreltur. Mikill meirihluti aðildarféлага í Samtökum atvinnulífsins telur mikla þörf á breytingum á vinnumarkaðslöggjöfinni. Ríkisstjórnin hefur það á stefnuskrá sinni að tengja stór bótakerfi við launaþróun í landinu. Allt gerir þetta það að verkum að brýnt er að endurskoða lög sem fjalla um ríkissáttasemjara og vinnumarkaðinn, bæði hinn opinbera og almenna. Þar skal einkum litið til fyrirkomulagsins sem þekktist á hinum Norðurlöndunum.

”

Styrkja þarf embætti ríkissáttasemjara til að stuðla að góðri launamyndun og stöðugleika.

Úr umsögn Samtaka
atvinnulífsins


Framkvæmd

2026



Útgjaldaendurmat innleitt

Útgjaldaendurmat er ferli við að þróa og innleiða hagræðingu með kerfisbundnum greiningum á viðvarandi útgjöldum. Matið er þannig verkfæri fyrir bæði embættiskerfið og fjárveitinga-valdið til að forgangsraða takmörkuðum fjármunum. Endurmatið einblínir á þá útgjaldaliði sem nú þegar eru til staðar frekar en tillögur að nýjum útgjöldum. Lagt er til að reglu-bundið útgjaldaendurmat verði innleitt.



Lögleiðing stöðugleikareglu

Mikilvægt er að setja í lög stöðugleikareglu (útgjaldareglu) en áform um slíkt hafa verið kynnt í samráðsgátt. Vel útfærð regla dregur úr hagsveiflum, eykur aga og gerir ríkisfjármál sjálfbærari. Kostir stöðugleikareglu eru að hún er auðskiljanleg og auðveld í eftirfylgni og einblínir á útgjöld sem yfirvöld hafa meiri stjórn á. Skilgreina þarf hvaða útgjöld falla undir regluna og hver ekki. Krafa góðrar stöðugleikareglu er að það liggi til grundvallar rauntímaupplýsingar um útgjöld.

”

*Útgjaldaregla
(stöðugleikaregla)
girðir fyrir ósjálfbæran
útgjaldavöxt og stuðlar
jafnframt að
efnahagslegum
stöðugleika.*

Úr umsögn Samtaka
atvinnulífsins

Framkvæmd

2025



Starfsmannalög aðlöguð almennum markaði

Ákvæði um áminningu verði felld brott, þó ekki fyrir embættismenn eins og þeir eru skilgreindir í lögum. Reglur stjórnsluréttar, meðal annars um meðalhóf, rannsóknarskyldu og málefnaleg sjónarmið gildi áfram.

Með þessu verður þolendavernd ríkari og sveigjanleiki meiri fyrir ríkisstofnanir til að mæta breyttum aðstæðum. Jafnframt minnkar munur milli almenns markaðar og einkamarkaðar. Þá eru ýmis önnur ákvæði starfsmannalaga úrelt sem þyrfti að taka til skoðunar með það fyrir augum að auka sveigjanleika stjórnenda.

”

Afar flókið og tímafrekt getur reysnt að sanna með óbyggjandi hætti slaka frammistöðu í starfi [...] og óviðeigandi samskiptahátt sem hefur neikvæð áhrif á þjónustu stofnunar og/eða starfsfólk.

Úr umsögn Vegagerðarinnar

Framkvæmd

2026



Létt á jafnlaunavottun og stærðarmörk hækkuð

Lög um jafnlaunavottun voru mikið framfaraskref þegar þau voru sett en fjölmargar ábendingar voru á þá lund að nógildandi kerfi væri meira íþyngjandi en tilefni er til. Fyrir fyrirtæki og stofnanir eru stærðarmörk fyrir annars vegar jafnlaunastaðfestingu og hins vegar jafnlaunavottun. Þá eru minnstu fyrirtækin undanskilin kröfunum alfarið.

Lagt er til að stærðarmörk verði hækkuð bæði fyrir jafnlaunastaðfestingu og jafnlaunavottun, þannig að ekki verði krafa á fyrirtækjum undir 50 stöðugildum að fá jafnlaunastaðfestingu og jafnlaunavottun verði ekki krafa á fyrirtækjum og stofnunum með færri en 100 stöðugildi. Einnig verði skoðað að ytri úttekt vegna jafnlaunavottunar verði ekki árleg krafa heldur á þriggja ára fresti.

Áætlað hagræði fyrir hið opinbera er 1,5 ma.kr. á tímabilinu en stærsti hluti hagræðisins kemur fram hjá atvinnulífinu.

”

Ég legg til að létt verði á jafnlaunavottun. Rannsóknir sýna að aðhaldið er gott en áhrif á jöfnun launa eru umdeilanleg. Stærsti ávinningurinn er fyrir vottunarfyrirtæki.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Lög um fjárfestingar ríkisins

Fjárfestingar ríkisins krefjast mikils fjármagns og því er mikilvægt að vanda mjög til verka. Frumvarp er í smíðum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og er ætlunin að leggja það fram á haustþingi.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja skýra og samræmda málsmeðferð við fjárfestingar ríkisins. Tryggja þarf að fjárfestingar ríkisins lúti skýrum markmiðum séu vandlega undirbúna og standist viðmið um góða verkefnastjórnsýslu.

Hópurinn leggur áherslu á að frumvarp þetta nái fram að ganga.

”

Mikilvægt er að auka fyrirsjáanleika vegna kostnaðarsamari fjárfestinga. [...] Með því að samþykkja langtímaáætlun kemst á meiri fyrirsjáanleiki og minni sóun.

Úr umsögn
Landhelgisgæslunnar

Framkvæmd

2025



Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar endurskoðaðar

Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar nálgast 18 ma.kr. á ársgrundvelli. Hámark endurgreiðslu er 25% eða 35% af þróunarkostnaði eftir stærð fyrirtækja og getur greiðsla numið tæpum 400 m.kr. á fyrirtæki. Úttektir hafa sýnt að kerfið er skynsamlegt í heild sinni, en áhrif þess á fjárhag ríkisins eru orðin veruleg og munu aukast hratt að óbreyttu. Því er lagt til við ríkisstjórnina að endurskoða reglurnar með það í huga að auka fyrirsjáanleika opinberra fjármála.

”

Þessar endurgreiðslur hafa vaxið gríðarlega síðustu ár. Árið 2015 námu þær 1,3 ma.kr. [...] Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gert athugasemdir við endurgreiðslurnar. Hraður vöxtur styrkjanna ýti undir áhyggjur af skilvirkni þeirra og fjárhagslegum áhrifum.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Endurgreiðslur vegna kvikmyndaframleiðslu endurskoðaðar

Endurgreiðslur vegna framleiðslu kvikmynda verða skv. áætlun 2,5 ma.kr. næstu árin. Þar sem ekki er hámark á greiðslunum geta þær orðið mun hærri, eins og 2024 þegar þær voru yfir 5 ma.kr. Tilfni er til að setja skýrari mörk á endurgreiðslur.

”

Afnema skilyrði fyrir 35% endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar. Halda hlutfallinu í 25% eða jafnvel lækka það. Setja einnig skilyrði um að verkefnið þurfi að hafa kynningargildi fyrir Ísland.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2026



Umsækjendur um opinber störf geti óskað nafnleyndar

Gerð verði breyting á 7. greinum upplýsingalaga og starfsmannalaga þannig að umsækjendur um opinber störf geti óskað nafnleyndar, bæði gagnvart almenningi og öðrum umsækjendum. Sú nafnleynd falli niður hljóti umsækjandi embættið. Með þessu mun ríkið hafa úr fleiri kostum að velja við ráðningar í störf. Eftirlitsaðilar, s.s. Umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun, hafi áfram aðgang að þessum upplýsingum eftir þörfum. Þessari lausn er ætlað að finna jafnvægi milli markmiða ríkisins um að fá hæft starfsfólk, persónuverndar umsækjenda og krafna upplýsingalaga.

”

Starfsmannamál ríkisins þarf að endurskoða gagnert m.t.t. ríkra réttinda opinberra starfsmanna, nafna- birtinga við opinberar ráðningar og launa- setningar. [Tryggja þarf að] kerfið sé þannig að raunverulega hæfasta fólknið fáist í störf.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd


2025



Bætt regluverk um tóbak og áfengi

Fjöl margar ábendingar bárust um rekstur og fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi. Hópurinn telur heppilegast að Alþingi taki afstöðu til málaflokksins án þess að það sé eingöngu frá sjónarhóli hagræðingar.

Hópurinn telur þó að regluverkið megi bæta í afmörkuðum þáttum. ÁTVR er nú stjórnað af þremur ráðuneytum. Einfalda má lagaumgjörðina, bæta rekstur og fækka ráðuneytum sem að málinu koma. Þá má sameina eftirlit með nikótínþúðum og tóbaki sem er á höndum tveggja aðila í dag.



Lög um húsmæðra-orlof afnumin

Sveitarfélögum hefur frá 1960 verið gert skylt að greiða í orlofsnefnd húsmæðra. Lögin endurspeгла ekki lengur íslenskan raunveruleika, eru í andstöðu við jafnrétti kynja og skulu falla brott. Lögin taka ekki beint til fjárhags ríkisins, en eru til einföldunar og lækkunar á skattgreiðslum almennings.

”

Leggja niður orlofsnefnd húsmæðra strax. Þetta fyrirkomulag er algjör tíma-skekkja og ýtir jafnvel undir ójafnrétti gagnvart öðrum kynjum.

Úr samráðsgátt

Framkvæmd

2025



